


Ágúst Einarsson

Erindi á landsfundi Samfylkingarinnar 16. nóvember 2001

Aukin menntun. Auðveldasta leiðin til framfara?

1. Inngangur

Mikilvægasta í heiti erindi míns er spurningamerkið. Það er enginn vandi að segja að menntun leysi allt en er það svo? Það þarf að sanna það vegna þess að stjórnámál eru forgangsöröðun. Stjórnámál snúast um hugmyndir og færni flokksins og stjórnámalanna hans að berjast fyrir þeim; veita forustu. Stjórnámál byggjast á því að velja og hafna; setja sumt í forgang fram yfir annað.




Það er þess vegna sem framsetningin um gullna þríhyrninginn er svo mikilvæg. Hún snýst um hugmyndir, fléttar saman menntun, efnahag og velferð. Markmið stefnu okkar jafnaðarmanna er að auka velferð þeganana og tryggja jöfn tækifæri. Hagvöxtur er ekkert annað en aukning verðmætasköpunar. Þeim mun meiri verðmætasköpun þeim mun betri lífskjör í landinu en ekki endilega allra. Jöfnun lífskjara og jöfn tækifæri er hornsteinn stefnu jafnaðarmanna en ekki hægri manna. Meginatriðið fyrir okkur sem stjórnálaafli er að vera með trúverðuga stefnu sem eykur verðmætasköpunina í samfélaginu, tryggir jöfn tækifæri og velferð fyrir alla. Formúlan er einföld. Aukin menntun tryggir aukna verðmætasköpun og með skynsamlegri stjórn annarra þátta efnahagsmála er skapaður grundvöllur fyrir öflugri velferð og samhjálpi.

2. Menntun og jafnrétti

Launatölurnar hér á eftir er úr könnun Kjararannsóknarnefnar frá 1. árfjórðungi 2001 og þetta eru nýjar tölur. Allar aukagreiðslur eru komnar inn í og þetta lýsir því launum starfanna sem ég skipti í 2 flokka.


Í fyrri flokknum (lítill menntun) eru almennt og sérhæft verkafólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk. Þessi hópur er yfirleitt ekki með mikla menntun.

Í hinum hópnum (mikil menntun) eru iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk og sérfræðingar. Í þessum hóp er yfirleitt krafist menntunar allt frá sérhæfðri iðnaðarmenntun upp háskólapróf.



Munurinn er sláandi. Best er að vera karl með mikla menntun á höfuðborgarsvæðinu en lakast er staða kvenna með litla menntun á landsbyggðinni. Sú munur er nær þrefaldur. Myndin sýnir mikinn mun á launum og þar með lífskjara eftir menntun, eftir kyni og eftir búsetu. Þrjú atriði skilja milli feigs og ófeigs og menntunin er lykillinn að þeim öllum. Hér er risavæði verkefni framundan fyrri jafnaðarmannaflokk sem vill standa undir nafni.

Menntun er mjög misskipt milli landshluta eins og þessar töflur frá 1996 sýna. Þrír landshlutar skera sig úr.



Reykjavík 22,
 Norðurland-eystra 21
 Reykjanesi 19
 Vestfirðir eru með 15%
 Austurland 11%
 Suðurland um 8%
 Norðurland-vestra með 6%
 Vesturland 6%


Þetta er sláandi munur sem þýðir líka að launakjörin eru mjög misjöfn. Þéttbýlið er með betri menntun og þar með hærri laun sem við sjáum hér eftir þar sem jafnréttið er mjög háð menntun.

3. Menntun og byggðamál

Eitt lykilatriði í stefnu okkar er að tryggja öllum jöfn tækifæri óháð búsetu. Þar er verk að vinna en breytingin hefur verið mikil síðasta áratug

Breyting búsetu á 9 árum frá 1992 til 2001 sem hlutfall af íbúum 1991

Höfuðborgarsvæðið	9
Suðurnes	-2
Suðurland	-4
Austurland	-18
Norðurland eystra	-8
Norðurland vestra	-17
Vestfirðir	-27
Vesturland	-11



4. Menntun hérlendis og erlendis

Þekking og hæfileikar sem meginþættir mannauðs eru ráðandi fyrir hagvöxt og þróun samfélagsins. Menntun er tæki til að varðveita og auka mannauð sérhvers þjóðfélags. Menntun er verkefni alla ævina.

Næstu myndir sýna hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi og háskólaprófi. Þar erum við um miðjan hóp og neðar og verðum að gera betur. Hafa verður í huga að framhaldsskólar eru misjafnir eftir löndum og hér er meira átt við þau námslok sem gefa réttindi til hefðbundins háskólaáms. Svona alþjóðlegur samanburður er oft erfiður en hann gefur þó vísbendingu um stöðu mála og við sjáum svið sem við getum sótt fram á.


Ísland er 17. sæti af 28 ríkjum OECD í hlutfalli 25-64 ára sem hafa lokið háskólaprófi. Meðaltal OECD er 21% og það er okkar hlutfall. Við erum töluvert að baki öðrum Norðurlöndum.

Ísland er 20. sæti af 28 ríkjum OECD í hlutfalli 25-64 ára sem hafa lokið framhaldsskólaprófi. Okkar hlutfall er 56% en meðaltalið er 61% og önnur Norðurlönd langt yfir 70%. Við erum ekki í sömu deild og nágrannaþjóðirnar.

5. Ísland og nýja hagkerfið

Við stöndum öðrum þjóðum að baki í að nýta nýja hagkerfið. Það kemur m.a. fram í hátækniútflytningi sem hlutfall af vöruútflytningi.

Danmörk	13
Finnland	21
Ísland	2
Noregur	4
Svíþjóð	18
Bretland	25
Bandaríkin	29



Við sjáum vel á þessu hvað við stöndum öðrum að baki. Við höfum ekki nýtt okkur tölvubyltinguna þrátt fyrir mikla tölvueign.

Ísland er í 22. sæti af 30 OECD-ríkjum sem eru talin best fallin til aðnýta þau tækifæri sem bjóðast í nýjum iðngreinum á þessari öld (FT og VB). Ísland er í 2. sæti af 15 þjóðum OECD í hlutdeild heimila sem eiga tölvu fyrir árið 1998.


Ísland er í 10. sæti af 18. þjóðum í fjöldi nemenda á hverja tölvu í efri bekkjum framhaldsskóla

Ísland er í 4. sæti af 25. löndum OECD í þátttöku 3. ára Íslendinga í leikskólum.

6. Lokaorð og alþjóðlegar skyldur

Menntun og efnahagsmál skipta svo miklu máli þar sem menntun bætir og niðursveifla í efnahagsmálum kemur verst niður á þeim sem lakkast hafa kjörin en það er niðurstaða úr rannsóknum Gylfa Zoëga hagfræðings sem nýlega var kynnt.

Athyglisverðar niðurstöður úr rannsókn Þorvaldar Gylfasonar og féлага á gögnum frá 87 löndum eru meðal annarra:




Aukning framhaldskólasóknar um 25% eykur hagvöxt á mann á ári um 1%

Opnun hagkerfis um 14% eykur hagvöxt á mann á ári um 1%

Aukning ríkisútgjalda til menntamála um 3% eykur hagvöxt á mann á ári um 1%

Lenging skólagöngu kvenna um 4 ár eykur hagvöxt á mann á ári um 1%

Aukning fjárfestinga um 4% eykur hagvöxt á mann á ári um 1%



Aukning ójöfnuðar um 12% dregur úr hagvexti á mann á ári um 1%
 Aukning ríkisútgjalda til menntamála um 1% dregur úr ójöfnuði um 2,3%

Þetta er ástæðan fyrir því að þetta er ein fljótverkasta leiðin fyrir þróunarríkin að bæta kjör þegna sinna. Við verðum að sjá skyldur okkar við umheiminn eins og þessi mynd sýnir. Munurinn á lífskjörum er svo ótrúlegur að fólki fellst oft hendur.

- Það á að setja sem viðmið í menntamálum það sem best gerist erlendis
- Í hinu nýja þekkingarsamfélagi og nýja hagkerfi ræður menntun mestu um hvernig lífskjör verða í framtíðinni.
- Menntun er verkefni opinberra aðila til að tryggja jafnræði.
- Menntamál eru hið nýja almannatryggingakerfi jafnaðarmanna.
- Fólk í atvinnulífinu verður að eiga kost á símenntun, ekki hvað síst ófaglært starfsfólk, enda verður menntakerfið að ná til allra. Menntun lýkur aldrei.
- Jafnaðarmenn telja að menntastefna sé eitt mikilvægasta verkfærið í byggðastefnu framtíðarinnar.

- Við verðum að standa öðrum þjóðum vel á sporði ef ekki á að fara illa en slíkt gæti m.a. leitt til þess að ungt fólk kysi frekar að setjast að erlendis en á Íslandi.
- Jafnaðarmenn telja að betri menntun og aukin samskipti auki líkur á friði í heiminum og meiri samstöðu milli þjóða og skapi þannig skilyrði fyrir réttlátari heimi.

Stefna okkar er þriðja leiðin eins og jafnaðarmenn hafa unnið marga sigra með í nágrannlöndum á síðustu árum. Einn af kennisetningum hennar er að við viljum nýta markaðshagkerfið enda er ekki til betri leið til að bæta líf skjör og þá fyrst og fremst í gegnum menntun. Við viljum hins vegar ekki markaðssamfélag þar sem peningalegt mat er lagt á alla þætti þjóðlífsins.

Hér kemur inn þriðja horn þríhyrningsins, velferðin. Jöfn tækifæri er samofið öðru. Þess vegna segjum við að við viljum markaðshagkerfi en ekki markaðssamfélag. Upphafsspurningin mín var: Aukin menntun. Aðveldasta leiðin til framfara?; spurningamerki

Svarið er já. Aukin menntun er aðveldasta leiðin til framfara. Hérlandis og erlendis, eykur jafnrétti milli kynja, hjálpar landsbyggðinni, eykur líf skjör og velferð. Þetta gerist ekki af sjálfum sér, heldur með því að framsækninn jafnarmannaflokkur fullur sjálftrausts og samheldni tekur forustuna í íslenskum stjórnámálum.